

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



3. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2017-2018 12. des. 2017 kl. 11:30 – 12:30 í stofu 5 Heppuskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Hildur Þórsdóttir, Árdís Halldórsdóttir, Harpa Lind Helgadóttir, Sandra Rós Karlsdóttir, Birna Rós Valdimarsdóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir,

Dagskrá

1. Hafnarhittingur

Hvað gekk vel og hvernig var mætingin, nokkuð góð mæting, passa að hafa betra skipulag með leiki í íþróttahúsi svo eldri nemendur kaffæri ekki yngri börn. Mikill áhugi á robótum, ekkert í spilavist. Ábending um að hafa fleiri spil. Umræður um tímasetningu, hvaða tími henti best. Desember getur verið erfiður en líka að hugsa um þá sem hafa ekkert að gera á þeim tíma. Þrjú tímar góður tími, þá hefur fólk svigrúm til að koma við en er ekki bundin á föstum tíma. Hafa þrjú skipti og meta svo hvernig við viljum framkvæma þetta og hver þörfin er. Ræddum hvað möguleikar væru fyrir næsta hitting t.d með fönður. Hugmynd um frítt í sund, lúðrasveitaæfing, Karíókí, hljómsveitastofa, vínilstofa. Tölvur og róbotavinna. Hildur ætlar að ræða þessi mál í FAS og athuga áhuga á taka þátt, td með list og verkgreinum, gettur betur væri líka gaman að færa niður í Grunnskólann. Það voru 146 sem greiddu í mat en einhverjir fengu endurgreitt þar sem vantaði mat. 259 skrifuðu í gestabókina. Stefnum á 16. Janúar fyrir næsta hitting.

2. Jóladagskráin

Er farin í loftið og gengur vel.

3. Ferð til Reykjavíkur og lokanámskeið í Verkfærakistunni 4. Janúar

Námskeið hjá KVAN fyrir starfsfólk vegna eineltis og samskipta. Ætlum að nýta þetta námskeið líka í þætti sem snúa að kynferðisofbeldi/áreiti og fræðslu. Umræður um mikilvægi þess að vera með umræður og fræðslu um alls kyns mál eins og einelti, adhd, lesblindu, ræða þessi mál til að nemendur séu meðvitaðir um það sem er að og hvernig hægt sé að efla vitund á vandamálunum. Umræður um hvernig við ætlum að tækla þessi mál, og það er einna heilst með umræðum, bæði við einstaklinginn og hópinn og með þeim ráðum sem við fengum hjá Vöndu, leikir og góð ráð. Umræður um viðhorf kynjanna til hvors annars, hvernig lítum við á okkur og hvernig líta aðrir á okkur. Íþróttakeppnir, strákar taka ekki tillit til stelpna og stelpur hræddar við viðbrögðin við því að klúðra einhverju.

4. Önnur mál

a. Skóláþing

Þórgunnur kynnir hugmyndina um skóláþing, dreifir punktum um undirbúningsvinnu. Nemendáþing með þjóðfundarsniði. 10 bekkingar leiða hópa og í lokin eru niðurstöður teknar saman.